



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2015 og 2016

2016

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrstu sex mánuði áranna 2015 og 2016. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2015 og 2016.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 5,5% á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 var 4.582 tilkynningar, en 4.344 fyrir sama tímabil árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði lítillega en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 14,1%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 voru vegna vanrækslu eða 40,5% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið á undan vegna vanrækslu var 38,7%. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 27,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, en 26,5% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 31,3% á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 en 34,2% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1,0% bæði árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 10,3% á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, en 11,8% fyrir sama tímabil árið á undan. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,9% á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, en 7,0% fyrir sama tímabil árið á undan.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 41,2% tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, hlutfallið var 41,7% fyrir samatímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 var 3.804 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 3.597 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði um eina á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 miðað við sama tímabil árið á undan.

Umsóknir um Stuðla voru 14 talsins bæði árin, umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) voru 13 og fjölgaði um tvær á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 miðað við sama tímabil árið á undan og umsóknum um MST fækkaði úr 44 umsóknum í 41 umsókn. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 mín. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur á fyrstu sex mánuðum ársins 2016.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu sex mánuði ársins 2016 úr 70 beiðnum í 74 miðað við sama tímabilið árið á undan. Beiðnum um tímabundið fóstur og varanlegt fóstur fjölgaði, en beiðnum um styrkt fóstur fækkaði. Flestar beiðnir voru frá Reykjavík bæði árin, en á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 fækkaði beiðnum frá Reykjavík en fjölgaði frá barnaverndarnefndum utan Reykjavíkur. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi bæði árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fækkaði úr 136 á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 í 111 fyrir sama tímabil árið 2016. Skýrslutökum fyrir dómi fækkaði úr 71 í 55 milli ára og könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 65 í 56. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 miðað við sama tímabil árið á undan, en frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Börnum sem fóru í greiningar- og meðferðarviðtöl fjölgaði úr 65 í 71. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 70,6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2015, en 59,5% fyrir sama tímabil á árinu 2016.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 99 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 en 87 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 562 dögum í 543 daga. Fjöldi einstaklinga var 58 börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, en 50 börn fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði, voru 34 á fyrstu sex mánuðum ársins 2016, en 27 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.998	46,0	2.012	43,9
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	20	0,5	20	0,4
Barnavernd Kópavogs	391	9,0	336	7,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	120	2,8	162	3,5
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	478	11,0	515	11,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	226	5,2	255	5,6
Fjölskylduráð Grindavíkur	25	0,6	35	0,8
Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	153	3,5	99	2,2
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	86	2,0	109	2,4
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	97	2,2	99	2,2
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	42	1,0	57	1,2
Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga	19	0,4	41	0,9
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	76	1,8	74	1,6
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	4	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	5	0,1	15	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	41	0,9	33	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	19	0,4	11	0,2
Barnaverndarnefnd Útey	15	0,3	25	0,6
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	216	5,0	262	5,7
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	33	0,8	30	0,7
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	31	0,7	19	0,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	29	0,7	39	0,9
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	19	0,4	19	0,4
Félagsmálanefnd Árborgar	79	1,8	62	1,4
Velferðarnefnd Árnesþings	26	0,6	47	1,0
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	33	0,8	55	1,2
Fjölskyldu- og tólmstundaráð Vestmannaeyja	61	1,4	147	3,2
Samtals	4.344	100,0	4.582	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.246	51,7	2.493	54,4
Stúlkur	2.071	47,7	2.061	45,0
Ekki vitað ¹	27	0,6	28	0,6
Samtals	4.344	100,0	4.582	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	3.093	71,2	3.154	68,8
Landsbyggð	1.251	28,8	1.428	31,2
Samtals	4.344	100,0	4.582	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarshreppur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um¹

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.570	43,6	1.553	40,8
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	20	0,6	20	0,5
Barnavernd Kópavogs	341	9,5	300	7,9
Fjölskylduráð Garðabæjar	104	2,9	145	3,8
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	412	11,5	445	11,7
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	186	5,2	224	5,9
Fjölskylduráð Grindavíkur	24	0,7	32	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	130	3,6	82	2,2
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	68	1,9	89	2,3
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	71	2,0	87	2,3
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	30	0,8	52	1,4
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	19	0,5	41	1,1
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	60	1,7	65	1,7
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	5	0,1	4	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	5	0,1	11	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	38	1,1	32	0,8
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	18	0,5	10	0,3
Barnaverndarnefnd Útey	15	0,4	25	0,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	194	5,4	226	5,9
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	26	0,7	27	0,7
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	30	0,8	18	0,5
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	28	0,8	35	0,9
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	15	0,4	19	0,5
Félagsmálanefnd Árborgar	77	2,1	58	1,5
Velferðarnefnd Árnesþings	26	0,7	44	1,2
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	32	0,9	48	1,3
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	53	1,5	112	2,9
Samtals	3.597	100,0	3.804	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.876	52,1	2.087	54,9
Stúlkur	1.701	47,3	1.685	44,3
Ekki vitað ¹	20	0,6	32	0,8
Samtals	3.597	100,0	3.804	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	2.515	69,9	2.552	67,1
Landsbyggð	1.082	30,1	1.252	32,9
Samtals	3.597	100,0	3.804	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.553	71,0	2.826	74,3
Drengir	1.294	50,7	1.518	53,7
Stúlkur	1.238	48,5	1.293	45,8
Ekki vitað ²	21	0,8	15	0,5
Þar af nýjar kannanir	1.415	39,3	1.481	38,9
Drengir	707	49,9	766	51,7
Stúlkur	693	49,0	709	47,9
Ekki vitað ²	15	1,1	6	0,4

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.679	38,7	1.857	40,5
<i>Drengir</i>	841	19,4	979	21,4
<i>Stúlkur</i>	838	19,3	878	19,2
Líkamleg vanræksla	96	2,2	124	2,7
<i>Drengir</i>	53	1,2	76	1,7
<i>Stúlkur</i>	43	1,0	48	1,0
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.337	30,8	1.502	32,8
<i>Drengir</i>	673	15,5	788	17,2
<i>Stúlkur</i>	664	15,3	714	15,6
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	512	11,8	471	10,3
<i>Drengir</i>	260	6,0	230	5,0
<i>Stúlkur</i>	252	5,8	241	5,3
Vanræksla varðandi nám	97	2,2	164	3,6
<i>Drengir</i>	50	1,2	98	2,1
<i>Stúlkur</i>	47	1,1	66	1,4
Tilfinningaleg vanræksla	212	4,9	196	4,3
<i>Drengir</i>	101	2,3	98	2,1
<i>Stúlkur</i>	111	2,6	98	2,1
Ofbeldi	1.152	26,5	1.267	27,7
<i>Drengir</i>	518	11,9	590	12,9
<i>Stúlkur</i>	634	14,6	677	14,8
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	588	13,5	804	17,5
<i>Drengir</i>	274	6,3	370	8,1
<i>Stúlkur</i>	314	7,2	434	9,5
þar af heimilisofbeldi	302	7,0	363	7,9
<i>Drengir</i>	133	3,1	169	3,7
<i>Stúlkur</i>	169	3,9	194	4,2
Líkamlegt ofbeldi	275	6,3	294	6,4
<i>Drengir</i>	162	3,7	174	3,8
<i>Stúlkur</i>	113	2,6	120	2,6
Kynferðislegt ofbeldi	269	6,2	181	4,0
<i>Drengir</i>	83	1,9	47	1,0
<i>Stúlkur</i>	186	4,3	134	2,9

Áhættuhegðun barna	1.486	34,2	1.427	31,1
<i>Drengir</i>	895	20,6	923	20,1
<i>Stúlkur</i>	591	13,6	504	11,0
Neysla barns á vímuefnum	270	6,2	243	5,3
<i>Drengir</i>	168	3,9	138	3,0
<i>Stúlkur</i>	102	2,3	105	2,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	531	12,2	516	11,3
<i>Drengir</i>	255	5,9	300	6,5
<i>Stúlkur</i>	276	6,4	216	4,7
Afbrot barns	382	8,8	353	7,7
<i>Drengir</i>	256	5,9	264	5,8
<i>Stúlkur</i>	126	2,9	89	1,9
Barn beitir ofbeldi	223	5,1	221	4,8
<i>Drengir</i>	184	4,2	171	3,7
<i>Stúlkur</i>	39	0,9	50	1,1
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	116	2,7	141	3,1
<i>Drengir</i>	55	1,3	80	1,7
<i>Stúlkur</i>	61	1,4	61	1,3
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	27	0,6	31	0,7
Tilkynningar alls	4.344	100,0	4.582	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	204	100,0	257	100,0
<i>Drengir</i>	94	46,1	128	49,8
<i>Stúlkur</i>	110	53,9	129	50,2
<i>Ekki vitað³</i>	0	0,0	0	0,0

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálf	24	0,6	23	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	250	5,8	228	5,0
Nágrannar	244	5,6	333	7,3
Önnur barnaverndarnefnd	75	1,7	71	1,6
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	126	2,9	144	3,2
Lögregla	1.813	41,7	1.889	41,2
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	603	13,9	684	14,9
Leikskóli/gæsluforeldri	88	2,0	153	3,3
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	458	10,6	395	8,6
Foreldrar barns	353	8,1	331	7,2
Aðrir	310	7,1	331	7,2
Samtals	4.344	100,0	4.582	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	14	18,8	14	20,6
Önnur meðferðarheimili*	11	17,4	13	19,1
MST	44	63,8	41	60,3
Samtals	69	100,0	68	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	6	42,8	8	57,1
Nágrenni Reykjavíkur ¹	4	28,6	4	28,6
Landsbyggð	4	28,6	2	14,3
Samtals	14	100,0	14	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	6	54,5	5	38,5
Nágrenni Reykjavíkur ¹	4	36,4	5	38,5
Landsbyggð	1	9,1	3	23,1
Samtals	11	100,0	13	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	20	45,5	11	26,8
Nágrenni Reykjavíkur ¹	8	18,2	14	34,2
Eldra þjónustusvæði ²	9	20,5	6	14,6
Nýtt þjónustusvæði ³	7	15,9	10	24,4
Samtals	44	100,0	41	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

² Eldra þjónustusvæði (60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík)

³ Nýtt þjónustusvæði (í febrúar 2015 var byrjað að þjónusta allt landið)

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	6	42,9	9	64,3
Stúlkur	8	57,1	5	35,7
Samtals	14	100,0	14	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	6	54,5	8	60,0
Stúlkur	5	45,5	5	40,0
Samtals	11	100,0	13	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	21	47,7	24	58,5
Stúlkur	23	52,3	17	41,5
Samtals	44	100,0	41	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	41	58,6	45	60,8
Varanlegt	10	14,3	18	24,3
Styrkt	19	27,1	11	14,9
Samtals	70	100,0	74	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	38	54,3	27	36,5
Nágrenni Reykjavíkur ¹	14	20,0	19	25,7
Landsbyggð	18	25,7	28	37,8
Samtals	70	100,0	74	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	39	55,7	39	52,7
Stúlkur	31	44,3	35	47,3
Samtals	70	100,0	74	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 6 mánuði 2015	Fyrstu 6 mánuði 2016
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	136	111
a. Skýrslutökur ¹	71	55
Vegna kynferðislegs ofbeldis	47	25
Vegna líkamlegs ofbeldis	24	30
b. Könnunarviðtöl	65	56
Þar af við vegalaus börn ²	-	6
Greiningar- og meðferðarviðtöl	65	71
Læknisskoðanir	7	2

¹Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015

²Hófust á árinu 2016

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	40	29,4	45	40,5
Stúlkur	96	70,6	66	59,5
Samtals	136	100,0	111	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum¹

	Fyrstu 6 mánuði 2015	Fyrstu 6 mánuði 2016
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	87	99
Vistunardagar	562	543
Fjöldi einstaklinga	50	58

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	26	52,0	41	70,7
Stúlkur	24	48,0	17	29,3
Samtals	50	100,0	58	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 6 mánuði 2015		Fyrstu 6 mánuði 2016	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík og nágrenni ¹	17	63,0	17
Vesturland	1	3,7	3	8,8
Vestfirðir	1	3,7	0	0,0
Norðurland	1	3,7	8	23,5
Austurland	0	0,0	1	2,9
Suðurland	2	7,4	4	11,9
Reykjanes	4	14,8	0	0,0
Fólk búsett erlendis	1	3,7	1	2,9
Samtals	27	100,0	34	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.